# VITARA




VITARA



# TÍMI TIL AÐ LEIKA SÉR

Þegar við eldumst markast lífið af ábyrgð, verkefnum, tímamótum og markmiðum. Innra með okkur öllum býr samt þörf sem er yfirsterkari daglegu argaþrasi. Það er barnið innra með okkur sem vill fara út og leika sér. Leyfðu því að njóta sín í akstri í borginni á hverjum degi og jafnvel á torfærari slóðum – á bíl sem býr yfir spennandi útlitshönnun og hátæknivæddum búnaði. Kynntu þér Suzuki Vitara.






# AFKASTAGETA VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR

Bíll fyrir allar aðstæður. Fjölhæfur og afkastamikill jafnvel á krefjandi vegum og við erfiðar  veðurfarslegar aðstæður. Bíll með togmikilli og sparneytinni BOOSTERJET vél. Búinn hinu einstaka ALLGRIP aldrifskerfi. Bíll með upprunalegum sportjeppagenum Suzuki. Áhyggjulaus ánægja í akstri og alltaf hámarks veggrip.


VITARA

# SÉRLEGA SPARNEYTIN AFLRÁS






## AFLMIKILL TVINNBÍLL

### 1.5 DUALJET vél

1,5 lítra vélin er sérlega sparneytin, umhverfisvæn, afkastamikil og snúningsvægið er mikið. Með ýmsum tæknilausnum næst fram afburða sparneytni. Tvöfaldar innsprautunardísir eru hafðar nærri inntaksventlum og þjöppunarhlutfallið er haft hærra til að ná fram hreinni bruna. Með afgashringrás, (EGR), er hiti í brunahólfum lágmarkaður og þar með dregið úr glatvarma.  Vippuvopn við kambás eru sérstaklega hönnuð til að draga úr núningstapi. Því til viðbótar tryggir breytilegur opnunartími ventla, (VVT), hagkvæmasta ventlaopnunartíma með tilliti til eldsneytisnotkunar.

### Aflmikil tvinnaflrás

Fyrirferðarlítil, léttbyggð en afkastamikil tvinnaflrás býður upp á sparneytinn akstur í tvinnrásarstillingu og líka akstur fyrir hreinu rafmagni. Í aflrásinni er 1,5 l DUALJET bensínvél, rafmótor, (MGU), og rafhlöðusamstæða, (140V liþíum-jóna rafhlaða og áriðill). Sérlega orkunýtinn og afkastamikill MGU rafmótorinn gerir mögulegt að aka bílnum eingöngu fyrir rafmagni og hann veitir vélinni stuðning þegar bílnum er hraðað. Þegar ekið er á jöfnum hraða nýtir rafriðillinn orku frá bensínvélinni til raforkuframleiðslu sem eykur rafakstursdrægi bílsins og um leið sparneytni og gerir aksturinn hljóðlátari og umhverfisvænni. Við hraðaminnkun endurheimtir hann hreyfiorku, hleður henni inn á rafgeyminn og viðheldur með því nægilegri orku.

### AGS sjálfskipting

AGS býr yfir helstu kostum beinskiptingar og sjálfskiptingar. Hún stuðlar líka að ríkari tilfinningu ökumanns fyrir gírskiptingum og þeim þægindum sjálfskipting býður upp á. Skiptingin er sex þrepa. Gírhlutföllin eru sérstaklega hönnuð með tilliti til sparneytni.

# ALLGRIP ALDRIF



## ALLGRIP kerfi

„Farartæki sem getur tekist á við erfiða vegi og farið á staði sem bílar komust ekki áður fyrr.“ Þannig skilgreindum við okkar fyrsta fjórhjóladrifsbíl sem kom fram á sjónarsviðið árið 1970. Þetta varð upphafið að ALLGRIP, margreyndri fjórhjóladrifstækni Suzuki. Fjórhjóladrifstækni sem hefur verið fullkomnuð í áranna rás til að veita ökumönnum enn meiri upplifun, ánægju og öryggi. Með ALLGRIP kerfi í þínum Vitara geturðu meira og daglegt líf þitt verður fjölbreyttari.

## Fjórar akstursstillingar

Veldu þína akstursstillingu úr 4WD stillingunum (auto, sport, snjór og læsing). Það er gert með skífu á miðjustokknum. Valin akstursstilling ALLGRIP kerfisins er sýnd á margmiðlunarskjánum í miðju ökumælaklasans.



















## Auto stilling

Með sparneytni að forgangsatriði við hefðbundnar akstursaðstæður og skiptir með sjálfvirkum hætti í drif á öllum hjólum þegar veggrip minnkar.

## Sportstilling

Eykur akstursshæfni í beygjum með því að dreifa meira snúningsvægi til afturhjólanna. Eiginleikar inngjafar/togs breytast og betri svörun fæst frá vél.

## Snjóstilling

Kjörin fyrir snjóþakta vegi, malarvegi og annað hált vegyfirborð. Eykur grip við hröðun og stuðlar að auknum stöðugleika.

## Lock

Stillingin er valin til að losa ökutækið úr festum í snjó, aur eða sandi. Kerfið dreifir meira snúningsvægi til afturhjólanna. ESP®* kerfið og önnur stýrikerfi vinna einnig að því að losa bílinn úr festum. Lock stillingin fer sjálfkrafa af og breytist í snjóstillingu þegar yfir 60 km hraða á klst er náð.

## Brekkuvari

Þegar ekið er niður mikinn bratta og mótorbremsan dugar ekki til að hægja á ökutækinu virkjar brekkuvarinn hemlakerfið sem sér til þess að ökutækið fer ekki yfir ákveðinn hraða. Aðgerðin auðveldar ökumanni að einbeita sér að því að stýra bílnum.

*ESP® er skráð vörumerki Daimler AG.

# GLÆSILEGT YFIRBRAGÐ












**LED aðalljós 1**
Ný LED aðalljós með blárri ljósrönd gefa Vitara háþróað og framúrstefnulegt yfirbragð.

**LED dagljósbúnaður og þokuljós 2**
Dagljósabúnaður með einstakri útlitshönnun með lóðréttri röð LED ljósa. Búnaðinum fylgja einnig þokuljós sem eru mikilvæg til að bæta útsýnið og sýnileika í slæmum veðurskilyrðum.

**Rótgróin jeppagen Suzuki 3**
Kjarninn í Suzuki hönnuninni gefa Vitara rennilegt og nútímalegt svipmót, eins og sést t.d. í svipmiklu grilli og sterklegum framstuðara með glæsilegum krómlistum.

**Nýtt útlit á felgum**
17 tommu pússaðar álfelgur 4
17 tommu lakkaðar álfelgur 5








# AFBURÐA INNANRÝMI










**Farþegarými með lúxusáferð 1**
Að setjast inn í Vitara er eins og fara inn í fágaðan heim byggðan úr hágæða efnum. Í stjórnrýminu er hver takki, rofi og snúningsskífa á sínum rétta og eðlilega stað. Njóttu innanrýmis sem er þannig gert að þú ert eiginlega aldrei alveg tilbúinn að yfirgefa það.

**Nýtt mælaborð með mjúku yfirborði 2**
Mjúkur púði innbyggður á efri hluta mælaborðs tryggir hágæða tilfinningu í farþegarýminu.

**7” snertiskjár 3**
Hljómtækjunum fylgir snertiskjár sem er jafn einfaldur í notkun og snjallsími. Snjallsíminn er tengdur kerfinu í gegnum Bluetooth® eða USB tengisnúru og hægt er að nálgast forrit snjallsímans af skjánum. Í honum eru líka stýringar fyrir útvarp, bakkmyndavél og leiðsögukerfi.

**4,2” LCD fjölupplýsingaskjár í lit 4**
LCD margmiðlunarskjár í lit og af nýjustu gerð er fyrir miðjum ökumælaklasanum. Á honum birtast ökumanni nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um bílinn og virkni hans. Á skjánum birtast mikilvægar upplýsingar, eins og akstursstillingar ALLGRIP kerfisins, miðflóttaafl, vélarafköst, snúningsvægi og orkuflæði svo eitthvað sé nefnt. Það er úr fjölmörgu að velja og öruggt að aksturinn verður uppfullur af skemmtilegum áskorunum.

**Nýtt útlit með rúmfræðilegu mynstri á sætum 5**
Stílhrein rúskinnssæti að framan og aftan sem tryggja hámarks stuðning og þægindi fyrir ökumann og farþega.

**Nýtt útlit á klukku 6**
Klukkan er felld inn í mælaborðið og gefur umhverfi ökumannsins nútímalegt og fágað yfirbragð.









# LITIR

## TVÍLITIR



Gráblár málmlitur /
Svartur perlumálmlitur (DBF)



Beinhvítur málmlitur /
Svartur perlumálmlitur (A9N)



Gulur perlumálmlitur /
Svartur perlumálmlitur (DBH)



Gulur perlumálmlitur /
Hvítur (DBG)



Grár málmlitur /
Svartur perlumálmlitur (A9G)



Blár perlumálmlitur /
Svartur perlumálmlitur (A9L)



Blár perlumálmlitur /
Hvítur (A6H)



Rauður 5 /
Svartur perlumálmlitur Metallic (A9H)

## MÁLMLITIR



Hvítur perlulitur (ZNL)



Silfur málmlitur 2 (ZCC)



Grár málmlitur (ZCD)



Svartur perlumálmlitur (ZCE)



Blár perlumálmlitur (ZQN)

## ÓBLANDAÐIR LITIR



Hvítur (26U)



Rauður 5 (ZCF)

# BÚNAÐUR AÐ UTAN







## TORFÆRUPAKKI

1 Grilluggar
2 Áherslulína efst á grilli
3 Áherslulína ofan við framstuðara
4 Áherslulína við dagljósabúnað
5 Skreyting á ofanverðum frambrettum
6 17" Misti svartar álfelgur
7 Felgumiðjur
8 Brot í hliðum
9 Grjóthlíf að framan
10 Grjóthlíf að aftan

## BORGARPAKKI

1 Grilluggar
2 Áherslulína efst á grilli
3 Áherslulína ofan við framstuðara
4 Áherslulína við dagljósabúnað
5 Skreyting á ofanverðum frambrettum
6 Hlíf á hliðarspeglum V+H
7 17" Misti pússaðar álfelgur
8 Felgumiðjur
9 Áherslulína á afturstuðara











# MEIRI BÚNAÐUR. MEIRA ÖRYGGI. MEIRA ... AF ÖLLU!

Vitara er ekki eingöngu lagleg á að líta. Hún er líka bráðgreind. Hlaðin hátæknibúnaði af nýjustu gerð. Ökumaður og farþegar geta reitt sig á stuðning frá Vitara, öryggi og afþreyingu öllum stundum.



# AUKINN STUÐNINGUR



## Suzuki öryggisstuðningur*
Vitara kemur með háþróuðum árekstravara að framan frá Suzuki sem styðst við myndavél og ratsjárvara á framrúðu bílsins.  Með samþættri virkni myndavélarinnar, sem greinir þætti eins og gangandi vegfarendur og vegmerkingar í langri og millilangri fjarlægð, og ratsjártækni sem skynjar umhverfið nær bílnum, næst fram afburða öryggi við allar akstursaðstæður.

## Tveggja skynjara hemlavari*
Í akstri styðst Vitara við tvo skynjara, þ.e.a.s. myndavél í framrúðu og ratsjárvara sem saman meta það hvort hætta sé á árekstri við ökutæki eða vegfarendur. Þegar kerfið skynjar að þessi hætta sé fyrir hendi bregst það við með eftirfarandi þremur þáttum sem ráðast af aðstæðum hverju sinni.

**1. Aðvörun**




Kerfið varar ökumann við með hljóð- og myndmerki

**2. Hemlastoð**




Beitir hemlastoð og eykur hemlunarátakið ef hætta á árekstri er mikil og ökumaður hemlar í fáti

**3. Sjálfvirk hemlun**




Beitir hemlum sjálfvirkt með kraftmiklum hætti ef hætta á árekstri eykst enn frekar

## Akreinavari
Á 60 km/klst eða hraðar fylgist akreinavarinn með för ökutækisins og varar ökumann við, (með skjámerki og stefnuljósi), og með snertingu (titringi í stýri).

## Akreinastýring
Myndavél sem er innfelld í framrúðuna fylgist með akreininni á 60 til 160 km hraða á klst. Þegar kerfið metur það líklegt að bíllinn stefni yfir á aðra akrein aðstoðar það ökumann að halda honum á réttri akrein með titringi í stýri.




## Svigvari
Á 60 km/klst eða hraðar fylgist svigvarinn með akstursmynstrinu og varar ökumann með hljóð- eða myndmerki við svigakstri sem rekja má t.d. til þreytu.




## Umferðarmerkjavari
Kerfið styðst við myndavél í framrúðu og fylgist með umferðarmerkjum á veginum. Þegar það les umferðarmerki, eins og t.d. hraðatakmarkanir eða bann við akstri, sýnir það merkin í ökumælaklasanum og minnir þannig ökumann á hvaða umferðarmerki hafi verið á leið bílsins.  Þegar kerfið les fleiri en eitt umferðarmerki getur það að hámarki birt þrjú merki hverju sinni í ökumælaklasanum.




Les umferðarmerki áður en farið er fram hjá þeim

Sýnir umferðarmerki í ökumælaklasanum eftir að farið er fram hjá þeim

## Blindblettsvari*/**
Gerir akreinaskipti á yfir 15 km hraða á klst öruggari. Styðst við tvo ratsjárvara að aftan, einn á hvorri hlið, sem geta greint ökutæki í blinda blettinum eða ökutæki sem nálgast blinda blettinn beggja megin við bílinn. Þegar ökutæki nálgast blinda blettinn eða er í honum kviknar LED ljósmerki í þeim hliðarspegli sem við á. Gefi ökumaður það til kynna við þessar aðstæður með stefnuljósi að hann ætli að skipta um akrein blikkar LED ljósmerkið í hliðarspeglinum og aðvörunarhljóð heyrist.

1




2



3




* Myndavél og ratsjárvara er takmörk sett að greina fyrirstöður, akreinamerkingar og umferðarmerki. Reiðið ykkur því ekki eingöngu á kerfið til að tryggja öryggi ykkar. Gætið ávallt að fyllsta öryggis í akstri

** Blindblettsvari er fáanlegur í GL+ með ALLGRIP og GLX gerðum.




# FULLKOMIN ÞÆGINDI

**Hraðastillir með aðlögun (ACC)***
Hraðastillir með aðlögun styðst við millimetrabylgjuratsjá til að meta fjarlægðina að næsta ökutæki á undan. Kerfið heldur sjálfvirkt ákveðinni fjarlægð milli ökutækjanna í samræmi við eina valda stillingu af þremur mögulegum.** Kerfið heldur þeim hraða sem ökumaður velur (frá 40 km hraða á klst) þegar önnur ökutæki eru ekki á undan.

**Hraðastillir með aðlögun og stöðvun & ræsingu***
(Einungis með 6 þrepa sjálfskiptingu)
Til viðbótar við aðgerðir hraðastillingar með aðlögun kemur aðgerðin stöðvun & ræsing sem sér um að hraða og hægja á bílnum og viðhalda öruggri fjarlægð frá ökutækinu á undan. Hraðastillir með aðlögun og stöðvun&ræsingu getur jafnvel stöðvað bílinn að fullu fyrir aftan næsta bíl á undan án þess að ökumaður hemli. Aðgerðin er viðbótar stuðningur fyrir ökumann, ekki síst í þungri borgarumferð.***

**1. Stöðug stýring á hraða**
Ef fjarlægð að næsta ökutæki á undan er næg víkur Vitara ekki frá þeim hraða sem valinn var.




**2. Eftirfylgni við ökutæki á undan**
Þegar ekið er á eftir ökutæki sem er á minni hraða aðlagar Vitara hraðann sjálfkrafa að hraða ökutækisins á undan til að viðhalda öruggri fjarlægð þegar ekið er á eftir ökutækinu.

(Aðeins hraðastillir með aðlögun og stöðvun&ræsingu)
Ef hægt er á ökutækinu á undan og það stöðvað hægir Vitara sjálfkrafa á sér og stöðvar og viðheldur öruggri fjarlægð frá ökutækinu. Ef ökutækinu er ekið af stað á ný innan tveggja sekúndna frá stöðvun fer Vitara sjálfkrafa af stað og fylgir bílnum. Líði meira en tvær sekúndur afvirkjast hraðastillirinn og ökumaður verður að sjá um hemlun sjálfur.




**3. Stýring á hröðun**
Vitara hraðar sér með sjálfvirkum hætti upp í valinn hraða ef ökutækinu á undan er stýrt yfir á aðra akrein og næg fjarlægð er að næsta ökutæki.




**Bakkmyndavél**
Bakkmyndavélin varpar upp mynd af umhverfi bílsins á skjánum og bætir þannig útsýni ökumanns þegar hann bakkar bílnum.




**Bílastæðavarar að framan og aftan**
Hátíðniskynjararnir í stuðurunum greina fyrirstöður og aðvara ökumann með myndmerkjum sem birtast honum á margmiðlunarskjánum og með hljóðmerki til aðvörunar.




**Þverumferðarvari að aftan***
Þegar bílnum er bakkað á allt að 8 km hraða á klst nýtir hann sér tvo hliðarskynjara að aftan til að vara ökumann við bílum sem koma þvert á aksturstefnuna, til dæmis þegar bílnum er bakkað út úr bílastæði eða heimreið. Greini búnaðurinn aðvífandi bíla varar hann ökumann við með myndmerki sem birtist á margmiðlunarskjánum og með aðvörunarhljóði. Búnaðurinn gerir ökumanni kleift að bakka með öruggari hætti út úr bílastæðum þar sem útsýni er takmarkað til beggja hliða.




* Myndavélin og ratsjárvarinn búa yfir takmarkaðri getu til að greina fyrirstöður, akreinar og umferðarmerki.
Vinsamlega reiðið ykkur ekki alfarið á þennan búnað til að tryggja öryggi ykkar. Gætið ávallt fyllstu varúðar í akstri.
** Fjarlægð að næsta ökutæki er breytileg og ræðst af hraða bílsins.
*** Hraðastillir með aðlögun og stöðvun&ræsingu afvirkjast og sjálfvirk hemlun sömuleiðis tveimur sekúndum eftir að bíllinn hefur stöðvast.

# HÁTÆKNIVÆDDAR TENGINGAR



Google Maps operated with Android Auto.












Works with Apple CarPlay

Með Apple CarPlay er hægt að tengja iPhone og hringja, spila tónlist, senda og taka á móti skilaboðum, fá vegaleiðsögn í gegnum Siri eða með því að smella á hljómtækjaskjáinn.

Apple CarPlay er fáanlegt í þeim löndum sem er að finna á eftirfarandi lista:
http://www.apple.com/ios/feature-availability/#applecarplay-applecarplay
*Nánari upplýsingar, m.a. um þær gerðir iPhone sem eru samhæfðar Apple CarPlay er að finna hér: http://www.apple.com/ios/carplay/
*Apple, Apple CarPlay og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

works with androidauto

Android Auto™ eykur notkunarmöguleika Android farsíma og gerir þá sérsniðna til notkunar í akstri. Kerfið er sérstaklega hannað til að lágmarka alla truflun í akstri þannig að ökumaður geti engu að síður notið þjónustu Google eins og Google korta og Google tónlistarspilara. Android Auto appið er hægt að nálgast í Google Play Store*.

*Android Auto er fáanlegt í þeim löndum sem eru á eftirfarandi lista:
https://www.android.com/auto/faq/
*Flestir símar með Android 5.0 stýrikerfi og yngri eru samhæfðir Android Auto:
https://support.google.com/androidauto/answer/6348019?hl=en&ref_topic=6140477
*Google, Android, Google Play og Android Auto eru vörumerki Google LLC.

MirrorLink

Með MirrorLink er hægt að varpa ýmsum smáforritum snjallsímans upp á snertiskjáinn sem veitir aðgengi að aðgerðum hans.

*MirrorLink™ er samhæft fyrir þær gerðir snjallsíma sem er að finna á eftirfarandi lista:
https://mirrorlink.com/phones
*MirrorLink™ er skráð vörumerki Car Connectivity Consortium LLC.

**Fjölaðgerðastýri**

Ökumaður hefur fullkomna stjórn á aðgerðum með notendavænu fjölaðgerðastýri. Útvarpsstillingar og Bluetooth® tenging fyrir snjallsímann er við fingurgómana. Akstursstuðningur hraðastillingar með aðlögun er sömuleiðis í stýrinu sem tryggir hámarks þægindi og akstursöryggi.



# ÖRYGGI ÁN MÁLAMIÐLANA








### Stíft TECT burðarvirki

Vitara er hannaður í kringum TECT hugmyndafræði Suzuki sem felur í sér burðarvirki og yfirbyggingu sem tekst á skilvirkan hátt við höggkraft og losar hann út í gegnum burðarvirkið ef árekstur verður.

### 7 öryggispúðar

Til viðbótar við fyrirtaks akstursfhæfni er Vitara með öryggisbúnaði af margvíslegu tagi. Þar má nefna staðalbúnað eins og öryggispúða fyrir ökumann og farþega í framsæti, hliðaröryggispúða fyrir framsæti sem draga úr áverkum á bringu í hliðarárekstrum, loftpúðagardínur sem draga úr höfuðáverkum og hnjápúðum sem draga úr áverkum á neðri hluta fótleggja ökumanns.

### ESP®

Rafeindastýrð stöðugleikastýring, ESP®*, aðlagar með sjálfvirkum hætti inngjöf og hemlun til að tryggja að ökumaður hafi betri stjórn á ökutækinu.

*ESP® er skráð vörumerki Daimler AG.

# ÞÆGINDI Í DAGLEGRI NOTKUN


















**Mikið farangursrými 1**
Afturhlerinn er breiður og opnast hátt. Hleðslubríkin er hins vegar lág. Með bæði aftursæti niðurfelld er hleðslurýmið heilir 710 lítrar*. Auðvelt er að koma öllu fyrir í Vitara sem nauðsynlegt er í ferðina.

**Sjálfvirkt loftfrískunarkerfi 2**
Með þægilegum stillingum er tryggt að hitastigið inni í bílnum er ávallt hið rétta.

**Stór sóllúga 3**
Stór sóllúga, einföld í notkun og að fullu opnanleg, sem veitir birtu og fersku lofti inn í farþegarýmið.

**Miðjuarmhvíla að framan 4**
Miðjuarmhvílunni að framan er hægt að renna fram og aftur og finna þannig kjörstillingu. Undir henni er geymsluhólf.

*Mælingar í samræmi við mæliaðferðir Samtaka þýskra bílaframleiðenda..


VITARA



# STERKBYGGÐARI. ÚTLITSDJARFARI. HANNAÐUR FYRIR ÆVINTÝRALEGAR FERÐIR

Vertu á bíl sem geislar af styrk og orku.
Djörf útlitshönnun Vitara kallar á athygli hvert sem leiðin liggur.
Bíll sem er skilgreindur af upprunalegri útlitshönnun Vitara og reiðubúinn í akstur innanbæjar og átök á torfærum slóðum.
Láttu til þín taka á bíl með útlitshönnun sem kallar á athygli og njóttu til fulls fágunar í innanrými í fullvöxnum sportjeppa.

# Helsti búnaður

| Stýri | | LHD | |
|---|---|---|---|
| Vél | | Bensínvél | |
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drifkerfi | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | 6 AGS | |
| Útfærsla | | GL+ | GLX |
| **UNDIRVAGN** | | | |
| Hjólbarðar og felgur | 215/60R16 + stálfelgur (með hjólkoppum) | - | - |
| | 215/60R16 + álfelgur | - | - |
| | 215/55R17 + álfelgur (lakkaðar) | S | S |
| | 215/55R17 + álfelgur (pússaðar) | - | V |
| Varahjól og felga | T135/90D16 + stálfelgur | - | - |
| Neyðarviðgerðasett fyrir hjólbarða | | S | S |
| **YFIRBYGGING** | | | |
| Stór sóllúga | Með tvöfaldri færslu | - | V[7] |
| Stærri hjólaskálar | | S | S |
| Þakbogar | Svartir | - | - |
| | Silfurlitir | S | S |
| Grill | Svart | - | - |
| | Króm | S | S |
| Framstuðari skreyting | Grá (miðja) / Svört (hlið) | - | - |
| | Króm | S | S |
| Bretti skreyting | Svart | - | - |
| | Króm | S | S |
| Hurðarhúnar utanverðir | Svart | - | - |
| | Samlitt | S | S |
| Opnun afturhlera | Rafstýrt | S | S |
| **ÚTSÝNI** | | | |
| Aðalljós | LED fjölspeglaljós (lágur geisli) | S | S |
| | LED fjölspeglaljós (hár geisli) | S | S |
| Stilling aðalljósa | Sjálfvirk | S | S |
| Sjálfvirk ljós | | S | S |
| Þokuljós | Framan | S | S |
| | Aftan | S | S |
| Afturljósasamstæða | LED | S | S |
| Grænskyggðar rúður | | S | S |
| Ógegnsætt gler | Rúður í afturhurðum | V[8] | V[8] |
| | Hliðarrúður í farangursrými | V[8] | V[8] |
| | Rúða í afturhlera | V[8] | V[8] |
| Rúðuþurrkur | Framrúða: 2ja hraða (hægt, hratt) + stillanlegur letingi + þvottakerfi | S | S |
| | Afturrúða: 1 hraði + letingi + þvottakerfi | S | S |
| Sjálfvirk rúðuþurrka | | S | S |
| Hiti í afturrúðu | | S | S |
| Hliðarspeglar | Svartir (innbrenndur litur) | - | - |
| | Samlitir | S | S |
| | Rafstýrðir | S | S |
| | Rafstýrð aðfelling | - | S |
| | Með hita | S | S |
| | Með innbyggðu stefnuljósi | - | S |
| Baksýnisspegill | Handvirk dimmun | S | S |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | | |
| 3ja arma stýri | Úretan | - | - |
| | Leðurklætt | S | S |
| | Með útvarpsstýringu | S | S |
| | Með stýringu á hraðastilli | S | S |
| | Með stýringu á hraðatakmörkun | S | S |
| | Með handfrjálsri símastýringu | S | S |
| | Með flipaskiptingu | S | S |
| | Hallstilling | S | S |
| | Aðdráttur | S | S |

| Stýri | | LHD | |
|---|---|---|---|
| Vél | | Bensínvél | |
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drifkerfi | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | 6 AGS | |
| Útfærsla | | GL+ | GLX |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | | |
| Aflstýri | | S | S |
| Snúningshraðamælir | | S | S |
| Innfelldur upplýsingaskjár | 4,2 tomma LCD litaskjár | S | S |
| Upplýsingamælaklasi | Klukka | S | S |
| | Útihiti | S | S |
| | Eldsneytisnotkun | S | S |
| | Akstursdrægi | S | S |
| | Meðalhraði | S | S |
| | Gírskiptivísir (Bs/6 ss & 6 TCSS með handskiptivali) | S | S |
| | Akstursstillingar (ALLGRIP) | S(ALLGRIP) | S(ALLGRIP) |
| Áminning fyrir ljós og lykil | | S | S |
| Áminning fyrir opnar hurðir | | S | S |
| Áminning fyrir olíuskipti | | S | S |
| Áminning fyrir öryggisbelti ökumanns | Ljós- & hljóðmerki | S | S |
| Áminning fyrir öryggisbelti farþega | Ljós- & hljóðmerki | S | S |
| Áminning fyrir öryggisbelti í aftursætum | Ljós- & hljóðmerki | S | S |
| Áminning fyrir lága eldsneytisstöðu | | S | S |
| Áminning fyrir lágan loftþrýsting í hjólbörðum | | S | S |
| Skreyting á mælaborði | Litur | S | - |
| | Filma | - | S |
| Loftristar fyrir miðju og til hliða | Svartar | - | - |
| | Króm | S | S |
| **AKSTURSÞÆGINDI** | | | |
| Rafstýrðar rúður | Framan | S | S |
| | Aftan | S | S |
| Samlæsing hurða | Rofi í bílstjórahurð | S | S |
| Fjarstýrð samlæsing hurða | Með svörun frá neyðarljósum | S | S |
| Lykillaus ræsing | | S | S |
| Loftfrískunarkerfi | Sjálfvirkt | S | S |
| Miðstöð | | S | S |
| Frjóagnasía | | S | S |
| Útvarp | Loftnet | S | S |
| | Hátalarar að framan | S | S |
| | Hátalarar að aftan | S | S |
| | Hátíðnihátalarar að framan | - | S |
| | 1 DIN skúffa + 1 DIN skreyting | S | S |
| | MP3/WMA samhæfður geislaspilari + Bluetooth®* + DAB útvarp | V[9] | V[9] |
| | Tenging snjallsíma í hljómtækjaskjá + Bluetooth®* + bakkmyndavél + DAB útvarp | V[10] | V[10] |
| | Tenging snjallsíma í hljómtækjaskjá + Bluetooth®* + bakkmyndavél + leiðsögukerfi + DAB útvarp | V[11] | V[11] |
| Valskífa fyrir akstursstillingar | 4 stillingar | S(ALLGRIP) | S(ALLGRIP) |
| Hraðastillir | | S | S |
| ACC (hraðastillir með aðlögun) | | S | S |
| Hraðatakmarki | | S | S |
| Sérbúnaður fyrir köld svæði | Hiti í sætum (bæði framsæti) | V[12] | V[12] |
| | Miðstöðvarrist fyrir aftursæti | V[12] | V[12] |

# Helsti búnaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stýri | | LHD | |
| Vél | | Bensínvél | |
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drifkerfi | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | 6 AGS | |
| Útfærsla | | GL+ | GLX |
| **INNANRÝMI** | | | |
| Ljós í farþegarými | Kortaljós að framan (2 stillingar) | S | S |
| | Kortaljós að framan (3 stillingar) | - | V[7] |
| | Ljós fyrir miðju farþegarýmis (3 stillingar) | S | S |
| | Ljós í hanskahólfi | S | S |
| | Gólfljós (framsæti) | S | S |
| | Ljós í hirslu í neðri miðjustokki | S | S |
| Sólskyggni | Með miðaklemmu | S | S |
| | Með snyrtispegli | S | S |
| | Með lýsingu | S | S |
| Hirsla fyrir ofan spegil | | - | V[7] |
| Griphöldur | Farþegamegn | S | S |
| | Við afturhurðir x 2 | S | S |
| Glasahaldarar | Framan x 2 | S | S |
| Flöskuhaldarar | Framan x 2 | S | S |
| | Aftan x 2 | S | S |
| Stýring á opnun hanskahólfs | | S | S |
| Geymsluhólf í miðjustokki | Framan | S | S |
| Miðjuarmhvílur | Framan (á miðjustokki) | S | S |
| Áferð á miðjustokki | Svart | - | - |
| | Silfurlitt | S | S |
| Gírhnúður | Svartur með silfurlitri áherslu | S | S |
| Hnúður á handbremsu | Svartur | - | - |
| | Króm | S | S |
| USB innstunga | Hirsla í miðjustokki | V[9-11] | V[9-11] |
| 12V innstunga | Fremri miðjustokki | S | S |
| Fóthvíla | | S | S |
| Hurðainnlegg | Tau | S | - |
| | Rúskinn | - | S |
| Skraut á hurðum | Svart | - | - |
| | Silfurlitt | S | S |
| Hurðahúnar innan | Svartir | - | - |
| | Króm | S | S |
| Armhvílur í hurðum | Tauinnlegg | S | - |
| | Innlegg úr leðurlíki | - | S |
| **SÆTI** | | | |
| Framsæti | Hæðarstilling (ökumannsæti) | S | S |
| | Hæðarstilling (farþegasæti) | S | S |
| | Færsla fram og aftur og hallastilling | S | S |
| | Geymluvasi á aftanverðu sætisbaki (farþegasæti) | S | S |
| | Hnakkapúðar | S | S |
| Aftursæti | 60:40 skipting, niðurfellanleg í einu lagi | S | S |
| | Hnakkapúðar x 3 | S | S |
| Sætaáklæði | Tauáklæði | - | - |
| | Tauáklæði með hvítum saumum | S | - |
| | Rúskinn og leðurlíki | - | S |
| **FARANGURSRÝMI** | | | |
| Hilla í farangursrými | | S | S |
| Farangursspjald í farangursrými | | S | S |
| Snagi í farangursrými | Snagi fyrir innkaupapoka x 1 | S | S |
| 12V rafúttak í farangursrými | | S | S |
| Ljós í farangursrými | | S | S |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stýri | | LHD | |
| Vél | | Bensínvél | |
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drifkerfi | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | 6 AGS | |
| Útfærsla | | GL+ | GLX |
| **ÖRYGGI OG UMHVERFISHÆFNI** | | | |
| ABS með EBD aðgerð | | S | S |
| ESP®** | | S | S |
| DSBS (hemlastoð með tveimur skynjurum) | | S | S |
| BSM (blindblettsvari) / RCTA (þverumferðarvari) | | S | S |
| Umferðamerkjavari | | S | S |
| Hallahemlun | | S | S |
| Hallastýring | | S(ALLGRIP) | S(ALLGRIP) |
| Hemlavari | | S | S |
| TPMS (loftþrýstingsvari fyrir hjólbarða) | | S | S |
| Bílastæðavari | Framan: 4 skynjarar | - | S |
| | Aftan: 4 skynjarar | - | S |
| Tveir öryggispúðar að framan | | S | S |
| Hliðaröryggispúðar | Framan | S | S |
| Loftpúðagardínur | | S | S |
| Hnépúði | Ökumannssæti | S | S |
| Handstýrð afvirkjun á öryggispúða fyrir farþegasæti að framan | | S | S |
| Aftenging fótstiga | | S | S |
| Öryggisbelti | Framan: 3ja punkta ELR öryggisbelti með forstrekkjurum, átaksdreifurum og hæðarstillingu | S | S |
| | Aftan: 3ja punkta ELR öryggisbelti með forstrekkjurum, átaksdreifurum (hliðarsæti), 3ja punkta ELR öryggisbelti (miðjusæti) | S | S |
| ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla | x2 | S | S |
| ISOFIX beislafesting fyrir barnabílstóla | x2 | S | S |
| Barnalæsing á afturhurðum | | S | S |
| Bitar í hurðum sem dreifa hliðarhöggi | | S | S |
| Ræsivörn | | S | S |
| Fríhjólandi lykilhólkar | | S | S |
| Öryggisviðvörun | | S | S |
| DRL (dagljósabúnaður) | LED | S | S |
| Hástæð hemlaljós | | S | S |
| Neyðarhemlunarljós | | S | S |
| GPF (bensínsótagnasía) | | - | - |

S: Staðalbúnaður V: Valbúnaður -: Ekki í boði

V[1] – V[12]: Valmöguleikar

* Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.

**: ESP er skráð vörumerki Daimler AG.
ESP kerfið er hannað til að auka stjórnhæfni ökutækisins. Það er hins vegar breytilegt eftir akstursskilyrðum hve mikið kerfið dregur úr snúningsvægi og hve mikið hemlunarátakið er.
ESP er í meginatriðum kerfi sem stuðlar að meiri stöðugleika í akstri. ESP kerfið heldur virkni sinni við aðstæður þar sem hjólbarðarnir missa veggrip vegna hálku að hliðarskriðs en virknin getur verið takmörkunum háð.

SUZUKI

Way of Life!

**www.suzuki.is**

**Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.**







Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilýsingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is

**SUZUKI BÍLAR HF**

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is

VITARA BROCHURE (E)
99999-B1V02-806 2104

VITARA SPEC AND EQUIPMENT SHEET (E)
99999-BBV02-804 2112